

Alþingi  
Erindi nr. P 130/1213  
komudagur 33.2004

Alþingi  
bt: Aíherjarnefnd Alþingis  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík



SLYSAVARNAFÉLAGIÐ  
LANDSBJÖRG


Reykjavík, 2. mars 2004

UMSÖGN UM FRUMVARP TIL LAGA UM BJÖRGUNARSVEITIR OG  
BJÖRGUNARSVEITARMENN, 514.MÁL.

Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur fengið til umsagnar breytingu á lögum um björgunarsveitir og björgunarsveitarmenn nr. 43 24 mars 2003.

Breyting sú sem lögð er til á lögum 43/2003 er til komin vegna vandamála sem komu upp hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg, við að reyna að fullnægja texta laganna og tryggja björgunarsveitarmenn. Eins og kemur fram athugasemdum við lagafrumvarpið voru ákvæði 5. gr laganna of víðtæk, til að mögulegt væri fyrir samtökin að kaupa tryggingu samkvæmt texta laganna. Því fagna samtökin fyrirbyggjandi breytingu, en leggja áherslu á að tryggt verði að Dómsmálaráðuneytið sjái til þess að ákvæði væntanlegrar reglugerðar, verði í takt við þann ramma sem tryggingar Slysavarnafélagsins Landsbjargar hafa verið í á undanförunum árum.

Með kveðju



Kristbjörn Óli Guðmundsson  
Slysavarnafélagið Landsbjörg